

Garðabær.
B.t. Gunnar Einarsson
Bæjarstjóri.
Garðatorgi 7
210 Garðabær

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt. dags.	26.06.2017
Málalykill	0.00
Mál nr.	1706318


23. júní 2017

EFNI: Uppsögn samnings um götugögn frá 1. júlí 1998 / tilkynning um fyrirhuguð niðurrif biðskýla AFA JCDecaux.

Ágæti bæjarstjóri,

Með vísan til ákvæðis 2.1 í samningi AFA JCDecaux við Garðabæ frá 1. júlí 1998 tilkynnir AFA JCDecaux sveitarfélaginu hér með um lok samnings á milli aðila. Samkvæmt framangreindu ákvæði lýkur samningnum þann 30. júní 2018.

Kveðið er á um skyldur AFA JCDecaux hvað niðurrif götugagnanna varðar í ákvæði 14.7 í samningi aðila. Mælt er fyrir um að sá tími, sem AFA JCDecaux skuli hafa til þess að fjarlægja götugögnin skuli vera samningsatriði á milli aðila og geti verið frá 6 til 9 mánuðum. Þar sem heildarfjöldi biðskýla er 210 og kynningar- og upplýsingartölur eru alls 34, er ljóst að verkefnið er umfangsmikið á höfuðborgarsvæðinu. Að þeim sökum fer AFA JCDecaux fram á að félaginu verði gert kleyft að hefja niðurrif götugagnanna eigi síðar en 1. janúar 2018, þannig að tryggt sé að verkefninu verði lokið þann 30. júní og yfirborð gatna hafi verið fært í samt lag á þeim tímapunkti.

Virðingarfyllst,


Einar Hermannsson, frkvstj.